

Ákærði Guðbergur greiði einn:

1. Hótel KEA, Akureyri kr. 5.580
2. Vörusölunni, Akureyri — 12.000
3. Vefnaðarvörudeild KEA — 7.000
4. Leðurvörum, Akureyri — 6.000
5. ÁTVR, Akureyri — 2.770
6. Versluninni Regínu, Akureyri — 30.000
7. Ingólfi Sigurgeirssyni, Eskihlíð 16, Reykjavík, krónur 70.000 með 13% ársvöxtum frá 10. júní 1975 til 21. nóvember 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, með 20% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979 og með 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Priðjudaginn 17. nóvember 1981.

Nr. 30/1981. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Steingrími Þorvaldssyni

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.).

Ólögleg meðferð á fiskafla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Sigurgeir Jónsson.

Héraðsdómi var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar, en einnig áfrýjað til þyngingar af hálfu ákæruvalds.

Dómkröfur af þess hálfu eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig, að ákærða verði ákvörðuð refsing og að ákærði verði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð.

Í ákæruskjali er ákærði ákærður fyrir brot gegn 48. gr., sbr. 75. gr. reglugerðar nr. 55/1970 um eftirlit og mat á ferskum fiski o. fl., sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 220/1979 um breytingar á þeirri reglugerð, sbr. lög nr. 55/1968 um sama efni. Í héraðsdómi er ákærði sakfelldur fyrir brot á reglugerðarákvæðum þeim, sem í ákæruskjali greinir, en ekki vikið að lagaákvæðum þeim, sem vitnað er til í ákæruskjali.

Lög um eftirlit og mat á fiski og fiskafurðum nr. 55 2. maí 1968 voru numin úr gildi með 19. gr. laga um Framleiðslueftirlit sjávarafurða nr. 108 31. desember 1974. Samkvæmt sömu lagagrein halda reglugerðir og önnur fyrir-mæli, sem sett hafa verið samkvæmt fyrrgreindu lögnum, gildi sínu eftir því sem við á. Reglugerð nr. 220/1979 er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 108/1974.

Í reglugerð nr. 220/1979 eru ekki sjálfstæð refsíákvæði, heldur er í henni vísað til laga nr. 108/1974.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti voru framangreindir gallar í ákæru hafðir í huga og málið reifað af hálfu ákæruvalds og ákærða í samræmi við það. Þar sem ekki leikur vafi á því, hvaða verknaði er ákært út af, þykir því í samræmi við niðurlagsákvæði 3. mgr. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 mega leggja dóm á málið þrátt fyrir þessa galla á málaltilbúnaði af hálfu ákæruvalds.

Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó þannig, að brot ákærða varði við 48. gr. reglugerðar nr. 55/1970 og 1. gr. reglugerðar nr. 220/1979, sbr. 75. gr. reglugerðar nr. 55/1970 og 17. gr. laga nr. 108/1974.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.000.00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 2.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.000.00 krónur,

og laun skipaðs verjanda síns, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns, 2.000.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 19. maí 1980.

Ár 1980, mánudaginn 19. maí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 261/1980: Ákærvaldið gegn Steingrími Þorvaldssyni, sem tekið var til dóms 8. þ. m.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæru, dagsettri 27. febrúar 1980, á hendur ákærða, Steingrími Þorvaldssyni skipstjóra, Stóragerði 13, Reykjavík, fæddum 12. febrúar 1946 í Reykjavík, „fyrir að hafa sem skipstjóri á skuttogaranum Vigra, RE 71, þá er skipið kom úr veiðiferð til Reykjavíkur þann 3. júlí 1979, haft 4.480 kg af lausísuðum fiski á millidekki skipsins.

Telst þetta varða við 48. gr., sbr. 75. gr. reglugerðar nr. 55/1970 um eftirlit og mat á ferskum fiski o. fl., sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 220/1979 um breytingar á þeirri reglugerð, sbr. lög nr. 55/1968 um sama efni.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru sem hér segir:

Með bréfi Framleiðslueftirlits sjávarafurða til ríkissaksóknara, dagsettu 5. júlí 1979, var lögð fram kæra á hendur ákærða í máli þessu með tilvísun til 1. gr. reglugerðar nr. 220/1979 um breytingu á reglugerð nr. 55/1970 um eftirlit og mat á ferskum fiski o. fl. Segir þar, að þegar landað hafi verið úr skipi ákærða, b/v Vigra, RE 71, 3.—5. júlí, hafi verið 4.480 kg af karfa laus á millidekki. Með bréfinu fylgir ljósrit af matsnótu, dagsettri 3. júlí, undirritaðri af Ásgeiri Þorvarðarsyni matsmanni. Kemur þar fram, að fiskur á millidekki hafi verið 4.480 kg og hafi þetta verið karfi. Þá fylgdi einnig vigtarseðill frá Hafnarvogum Reykjavíkurhafnar um, að afli, sem landað var úr b/v Vigra 3.—5. júlí 1979, hafi samtals numið 285.830 kg.

Ágeir Þorvarðarson, matsmaður hjá Framleiðslueftirliti sjávarafurða, kom fyrst til skýrslugjafar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 20. september 1979 og staðfesti, að hann hefði metið þann fisk, sem b/v Vigri, RE 71, landaði hinn 3.—5. júlí s. á.

Hann kvaðst muna eftir því, að þegar hann hafi komið um borð í skipið, hafi hann séð lausan fisk á millidekki. Kvaðst hann hafa slegið á það, að hér væri um að ræða 4.480 kg. Þessi fiskur hefði átt að fara á sérbíl og vigtast sér. Hins vegar gæti vel verið, að með þeim fiski hefði farið eitthvað af fiski, sem var í lúguopum á lestum. Kvaðst hann ekki hafa fylgst nákvæmlega með lönduninni. Kvað hann það vel geta verið, að ekki hafi verið nema um 2 tonn af karfa á millidekkinu, því hann hefði slegið á magnið.

Þegar vitni þetta kom fyrir dóm hinn 14. apríl sl., kvaðst það hafa gefið fyrirmæli um, að hinn lausi fiskur á millidekki yrði settur sérstaklega á bíl, en það geti ekki útilokað, að annar fiskur hafi einnig verið settur á sama bíl. Það gerði ráð fyrir, að það hafi miðað við vigtun á þessum bíl, þegar það skrifaði töluna 4.480 kg á matsnútu. Það kvaðst ekki muna greinilega eftir þessu nú, en kvað það hugsanlegt, að á millidekkinu hafi verið minna magn en þetta. Því var kynntur framburður ákærða um, að þetta hafi verið um það bil 2 tonn, en taldi það of lágt áætlað. Vitnið kvaðst hafa fylgst með löndun á umræddum fiski, en ekki tekið niður númer bifreiðar þeirrar, sem hann var settur á. Aðspurt taldi vitnið, að fiskurinn á millidekkinu hafi ekki verið verra hráefn en annar fiskur í skipinu. Þá taldi vitnið ótrúlegt, að ekki hafi verið um meira magn að ræða en 2 tonn með hliðsjón af þeim framburði ákærða, að fiskurinn hafi verið í þremur stúum.

Ákærði hefur mótmælt því, að á millidekki greint sinn hafi verið það magn, sem tilgreint er í ákæru. Telur hann, að um það bil 2 tonn af fiski hafi verið á millidekkinu. Hann kveðst ekki hafa verið að fiska sérstaklega á millidekk, heldur hafi hér verið um afgang að ræða úr síðasta togi. Þegar hann hafi byrjað á síðasta togi, hafi vantað í lestina um það bil 4 tonn, en afli í síðasta togi þar á undan hafði verið 2 tonn. Aflinn í síðasta toginu hafi hins vegar orðið 5 tonn, eða jafnvel meira. Ákærði hefur lagt fram í málinu gögn, þ. e. ljósrit úr dagbók fyrir togveiðar, sem sent er Fiskifélagi Íslands, og bréf Fiskifélags Íslands, sem styðja framangreindar fullyrðingar ákærða. Þá hefur ákærði sýnt í dóminum leiðarþók b/v Vigra, og kemur þar fram, að veiðum skipsins var hætt 30. júní, kl. 2150. Þá kemur fram þar, að b/v Vigri lagðist að bryggju í Reykjavík kl. 0750 að morgni 1. júlí 1979.

Ákærði kveðst ekki hafa fylgst með löndun úr togaranum

greint sinn, en hann telji sig hafa vitneskju um, að sá afli, sem var á millidekki, hafi verið settur á bíl með fiski úr lúgum. Bæði hafi hann heyrt þetta hjá verkstjóra Togaraafgreiðslunnar, en auk þess sé mjög óhægt fyrir menn að vinna við löndun öðruvísi en að taka fyrst úr lúgum. Fiskurinn í lúgunum sé í netum, sem þurfi að hífa upp, til að unnt sé að koma löndunartrogi ofan í lúgur. Jafnan sé staðið þannig að þessu.

Ákærði kvað hinn lausa fisk á millidekkinu síst hafa verið verra hráefni en annan fisk í skipinu, enda nýjasti fiskurinn. Þá sagði hann þennan fisk hafa verið í þremur stíum og komist vart meira en 7—800 kg í hverja stíu, en þær hafi ekki verið fullar greint sinn.

Niðurstöður.

Þegar virtir eru framburðir ákærða og vitnisins Ásgeirs Þorvarðarsonar, verður ekki talið sannað í málinu, að á millipilfari b/v Vigra greint sinn hafi verið það magn af lausísuðum karfa, sem tilgreint er í ákæru, þ. e. 4.480 kg. Verður að leggja til grundvallar framburð ákærða og miða við, að hér hafi verið u. þ. b. 2.000 kg af karfa um að ræða.

Samkvæmt 48. gr. reglugerðar nr. 55/1970 um eftirlit og mat á ferskum fiski o. fl., sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 220/1979, sem birt var 11. maí það ár, er einungis heimilt að vera með fisk í kassa á millidekki, en ekki lausan. Með því að vera með lausan fisk á millidekki greint sinn, svo sem lýst hefur verið, verður að telja, að ákærði hafi gerst brotlegur við framangreint reglugerðarákvæði. Hins vegar þykir ákærði hafa sýnt fram á í málinu, þannig að ekki verði vefengt, að hér hafi verið um að ræða óvæntan afgangsafla úr síðasta kasti skipsins, kvöldið áður en komið var til hafnar. Einnig þykir sannað, að þessi fiskur á millidekkinu hafi ekki verið verra hráefni en annar fiskur úr þessari veiðiferð.

Með hliðsjón af ofansögðu svo og af því, að ákærði hefur ekki áður gerst brotlegur á þessu sviði, þykir mega fella niður refsingu hans fyrir framangreint brot.

Dæma ber ákærða til að greiða kostnað af málinu, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmans, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 120.000.

Dómsorð:

Refsing ákærða, Steingríms Þorvaldssonar, er felld niður.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin máls-

varnarlaun til skipaðs verjanda síns, Þorvalds Lúðvíkssonar
hæstaréttarlögmanns, kr. 120.000.

Fimmtudaginn 19. nóvember 1981.

Nr. 214/1980. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Þórarni Magnúsi Eldjárnssyni

(Sveinn Snorrason hrl.).

Hlutdeild, 254. gr. alm. hegningarlaga. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Sigur-geir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný skjöl.

Samkvæmt ákæruskjali voru tveir menn ákærðir, en héraðsdómi eingöngu skotið til Hæstaréttar að því er ákærða hér fyrir dómi varðar. Óskaði hann áfrýjunar, en dómi var og áfrýjað af hálfu ákærvalds til þyngingar.

Samkvæmt 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974 var málið flutt í héraði á þeim grundvelli, að brot þau, er ákærða eru gefin að sök í ákæru, gætu varðað við 1. mgr. 155. gr., sbr. 4. mgr. 22. gr. og 254. gr., sbr. 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hér fyrir dómi var málið og flutt með hliðsjón af þessu.

Fallast ber á þá úrlausn héraðsdóms, að gegn neitun ákærða séu hvorki fram komnar fullnægjandi sannanir fyrir því, að honum hafi verið ljóst, er hann veitti tékkanum viðtöku, að nafnritunin Sigurður Björnsson var fölsuð, né að honum hafi þá verið ljóst, að innstæða var ekki til fyrir tékkafjánhæðinni.

Gegn neitun ákærða þykir og varhugavert að telja alveg fullnægjandi sannað, að hann hafi vitað, að nafnritunin Sig-